

**32. Fundur Umhverfis- og Náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps
haldinn á Hótel Klaustur klukkan 18:00**

Mætt eru: Katrín Gunnarsdóttir formaður, Jóna Björk Jónsdóttir ritari og Ólafur Björnsson varamaður en Rúnar Guðnason boðar forföll.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi.

1. Umhverfismarkmið
Sveitarstjórn sendi umhverfismarkmiðin til nefnda og þar sem engar athugasemdir hafa komið fram leggur Umhverfis- og Náttúruverndarnefndin til að þau verði samþykkt.
2. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna – Skaftárhreppur
Umhverfisnefnd þakkar fyrir skýrslu um Heimsmarkmiðin og Skaftárhrepp og mun hafa hana til hliðsjónar við vinnu sína en bendum jafnframt á að víða sé orðalagi áfátt og jafnvel misskilning að finna.
3. Garðúrgangur
Nefndin hvetur til þess að settur verði upp gámur fyrir garðaúrgang og/eða gefnar verði út leiðbeiningar hvar hægt er að losna við garðaúrgang.
4. Framkvæmdir á gá mavöllum
Nefndin fagnar því að nú standi fyrir dyrum að ljúka við framkvæmdir á gá mavelli.
5. Endurskoðun sorphirðu og eyðingu – staðan
Málið rætt
6. Hreinsunaráttak – Heiðbrigðiseftirlit
Málið rætt
7. Uppgræðsla í landi Ár.
Umhverfis- og náttúruverndarnefnd hvetur sveitarstjórn um að hafa frumkvæði að boðun til fundar í samráðsskópi um tillögur að svæðum fyrir skógrækt og landgræðslu með það í hoga að hraða uppgræðslu í landi Ár. Þegar vind hreyfir er mikið fok úr farvegum Skaftár og þarf að leita leiða til að koma í veg fyrir það sem fyrst.
8. Kortlagning umhverfismála á Suðurlandi – skýrsla frá SASS
Skýrslan kynnt.

Fundi slitið 19:20

Fundarritari : Jóna Björk ~~formaður setur fundinn.~~ *ref*

Katrín Gunnarsdóttir
Ólafur Björnsson
Jóna Björk Jónsdóttir